

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni, með síðari breytingum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Flutningsjöfnunarsjóður tekur við réttindum og skuldbindingum verðjöfnunarsjóðs fyrir olíu og bensín.

Sameiginlegum innkaupajöfnunarreikningi Olíufélagsins hf., Olíufélagsins Skeljungs hf. og Olíuverslunar Íslands hf. á bensíni, gasolíu og svartolíu hjá Verðlagsstofnun skal skipt niður á hvert olíufélag þann 1. janúar 1986 samkvæmt ákvörðun Verðlagsstofnunar.

Verðlagsráð skal stefna að því að halli sá, sem við samþykkt þessara laga er á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna, verði jafnaður fyrir gildistöku laganna.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

## LÖG

### um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á láni vegna byggingar stálvölsunarverksmiðju.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1,55 millj. bandaríkjadala, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskri mynt, sem tekin eru til byggingar stálvölsunarverksmiðju í Vatnsleysustrandarhreppi. Auk skilyrða laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, verði þess gætt að hlutafé fyrirtækisins sé a. m. k. 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, að samningar séu fyrir hendi við banka er tryggi rekstrarfé til fyrirtækisins og að gætt verði náttúruverndarsjónarmiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*